

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið.
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 17. október 2023
Málsnúmer: 202309-0032
SS

Efni: Umsögn um verklýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 varðandi legu og útfærslu Sundabrautar.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, þann 20. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verklýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 varðandi legu og útfærslu Sundabrautar.

Samhliða kynningu á verklýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar er matsáætlun umhverfismats framkvæmdar við Sundabraut í kynningu og hefur Náttúrufræðistofnun gert umsögn til Skipulagsstofnunar um matsáætlunina. Umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar tekur á sömu atriðum og fjallað verður um í umhverfismati framkvæmdarinnar en eins og segir á bls. 3 í verklýsingunni þá mun matið einnig fjalla um áhrif samgönguframkvæmdarinnar í stærra samhengi og til lengri tíma lítið.

Um afar stóra og umfangsmikla samgönguframkvæmd er að ræða sem mun hafa áhrif á viðáttumikið svæði sem í dag er að stórum hluta lítt röskuð náttúra – bæði á hafi og landi. Vissulega eru hlutar framkvæmdasvæðisins raskaðir eða undir töluverðu álagi vegna nálægðar við þéttbýli og margs konar starfsemi sem þar fer fram m.a. mengandi starfsemi. En afar lítið er um samgöngumannvirki á stórum hluta framkvæmdasvæðisins og lítil bílaumferð. Það á sérstaklega við um öll haf- og strandsvæðin og svo Geldinganes og Álfsnes að hluta til. Mikil breyting mun því verða á notkun svæðisins með tilkomu Sundabrautar, fyrir utan það rask sem af framkvæmd vegagerðarinnar hlýst. Náttúrufræðistofnun mun því verða fyrir töluverðum áhrifum og reikna má með að þau verði að stórum hluta til neikvæð. Mögulegt er að með tilkomu Sundabrautar muni álag vegna bílaumferðar á önnur mikilvæg náttúrusvæði minnka eitthvað og má þar nefna Elliðaárdal og -vog, Grafarvog og svæði í Mosfellsbæ. Það er þó ekki sjálfgefið nema markmið um minni bílaumferð almennt náist á Höfuðborgarsvæðinu.

Ýmsir valkostir fyrir legu Sundabrautar hafa verið til skoðunar og hefur verið fallið frá sumum þeirra. Jákvætt er að fallið hefur verið frá tillögu um innri leið í Elliðaárvogi en sú útfærsla hefði falið í sér mikið álag og rask nálægt ósasvæði Elliðaánna og Grafarvogi sem eru náttúrusvæði með hátt verndargildi og sem eru undir töluverðu álagi nú þegar.

Á hinn bóginn hefur tillaga um jarðgöng milli Geldinganes og Gunnuness verið slegin út af borðinu vegna kostnaðar og tæknilegra ástæðna. Í staðinn er stefnt að brú og fyllingum og í því felst meiri hætta á að vatnsskipti inn í Leiruvog og Blikastaðakró, þar sem eru friðlýst leirusvæði og mikilvæg búsvæði fugla, verði fyrir breytingum. Afar brýnt er að rannsóknir á áhrifum framkvæmda á straumafar og setflutninga verði ítarlegar og að hönnun brúar tryggi örugg vatnsskipti og að engin neikvæð áhrif verði af brúargerðinni á lífríki Leiruvogs og Blikastaðakróar.



Valkostir um Sundabrá eða Sundagöngin til að þvera utanverðan Elliðaárvog fela í sér bæði kosti og galla fyrir náttúru svæðisins. Sundagöngin eru þó heppilegri fyrir náttúruferfar á landi í Gufunesi þ.m.t. verndaðar jarðminjar í Gufuneshöfða og lífríki á fjörusvæðum.

Framkvæmd á brú frá Gufunesi yfir á Geldinganes mun raska lítt snortinni fjöru báðum megin og hafa áhrif á lífríki svæðisins. Lítt raskaðar fjörur á Gunnunesi, Álfsnesi og Kjalarnesi verða einnig fyrir áhrifum af brúargerð. Í umhverfismati framkvæmdarinnar er stefnt að því að skoða áhrif brúargerðar á þessum svæðum á lífríki m.a. fuglalíf. Mikilvægt er að niðurstaða umhverfismatsins og tillögur um mótvægisáðgerðir séu ígrundaðar vandlega og felldar inn í frekari skipulagsvinnu og hönnun mannvirkja.

Ljóst er að framkvæmd Sundabrautar mun gjörbreyta landslagi Kollafjarðar þar sem ásýndaráhrif af stórum samgöngumannvirkjum m.a. brúm yfir óbrúuð sund og hraðbrautir um óbyggð annes, verða veruleg. Mikilvægt er að lagt sé greinargott mat á þessi ásýndaráhrif í umhverfismati.

Áhrif á verndarsvæði, þ.m.t. nýlega friðlýst fjörusvæði í Leiruvogi og Blikastaðakró þarf að rýna sérstaklega vel – bæði þegar skoðuð eru áhrif einstakra framkvæmdaþátta t.d. á lífríki en einnig á áhrif skipulagsbreytingarinnar í heild. Tryggja þarf að verndargildi náttúru þessa svæða rýrist ekki. Þar þarf einnig að taka til skoðunar áhrif af starfsemi Sundabrautar, áhrif frá mikilli bílaumferð þ.m.t. mengun af ýmsum toga (m.a. hljóð- og ljósmengun) sem og önnur fælandi áhrif m.a. á far dýra eins og fugla, sjávarspendýra og ekki síst laxfiska en Sundabraut er á farleið fiska upp í allnokkrar veiðiár.

Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina og einnig mun stofnunin veita umsögn um umhverfismatsskýrslu þegar þar að kemur. Niðurstaða umhverfismats framkvæmdarinnar mun taka saman upplýsingar um áhrif hennar á lífríki og landslag og nauðsynlegt er að gaumgæfilega sé tekið tillit til þess við ákvarðanatöku um aðalskipulagsbreytinguna og vegið og metið kostir og gallar við þau áhrif sem eins og áður segir eru líkleg til að verða margs konar og í einhverjum tilfellum nokkuð neikvæð.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

